



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 30. júní 2020
USK2020060092

Íbúðaráð Miðborgar og Hlíða

Efni: Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um upplýsingagjöf tengda vorhreinsunu, mál nr. R20050295

Vísað er til fyrirspurnar íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um upplýsingagjöf tengda vorhreinsun dagsetta 26.maí 2020. Fyrirspurnin er svohljóðandi: „Óskað er svara hvort auka megi upplýsingagjöf um vorhreinsanir á götum og gönguleiðum í formi smáskilaboða til íbúa með hliðsjón af persónuverndarsjónarmiðum.“

Unnið hefur verið að betri upplýsingagjöf vegna vorhreinsana undanfarin 2 ár og sérstaklega litið til stafrænna lausna. Ákveðið hefur verið að ganga til samninga við Loftmyndir ehf. en þeir hafa yfir að ráða hugbúnaði sem hentar vel til upplýsingagjafar með smáskilaboðum. Hér verður því hægt að safna saman símanúmerum sem skráð eru á lögheimili og senda smáskilaboð til þeirra en þessi vinnsluáferð hentar mjög vel til upplýsingamiðlunar vegna þjónustu borgarinnar. Umræður við Loftmyndir ehf. eru á lokastigi. Gagnasöfnun sem þessi varðar við lög um persónuvernd enda um söfnun persónuupplýsinga að ræða. Stuðst verður við 5. tl. 9 . gr laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 en þessi tiltekna lagagrein fjallar um vinnslu í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með. Í frumvarpi því er varð að lögum 90/2018 segir að 5. tl. taki meðal annars til annarrar vinnslu sem teljist til stjórnsýslu, svo sem opinber þjónustustarfsemi, en umrædd vöktun telst falla þar undir og heimil á þeim grundvelli.

Virðingarfyllst,

Hjalti.J. Guðmundsson,
skrifstofustjóri rekstur og umhirðu borgarlandsins